

Nefndasvið Alþingis
b.t. Hafðísar Ólafsdóttur, nefndarritara
Þórshamri v/Templarasund

DAGSETNING
20. mars 1998

TILVÍSUN
ými 12/98

150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 122/1399
komudagur
23/3'98

Umsögn um frumvarp til laga gjald af áfengi, 480 mál.

Vísað er til bréfs yðar, dags. 9. mars 1998, þar sem fyrir hönd efnahags- og viðskiptanefndar er óskað umsagnar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi.

Embætti ríkisskattstjóra þakkar það að fá tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum um téð frumvarp. Umsögn embættisins er eftirfarandi:

Í frumvarpinu er lagt til að framkvæmd álagningar og eftirlits vegna gjalds á innlenda framleiðslu á áfengi verði alfarið í höndum ríkisskattstjóra, sbr. athugasemdir um 4. gr. frv. Frá og með 1. febrúar 1996 hefur allt eftirlit með framleiðslu áfengis innanlands verið í höndum ríkisskattstjóra. Einnig hefur ríkisskattstjóri haft með höndum samræmingarhlutverk gagnvart skattstjórum um framkvæmd álagningar, gefið út eyðublöð og annað tengt framkvæmd álagningar frá gildistöku laga nr. 96/1995. Hefur því skapast sérþekking á þessu sviði sem er til á einum stað og nýtist fyrir landið allt enda eru gjaldskyldir framleiðendur innanlands ekki nema fjórir. Myndi álagningarverkefnið samræmast vel starfi ríkisskattstjóra varðandi eftirlit með framleiðendum, enda lýtur það fyrst og fremst að gjaldstofni áfengisgjalds..

Embætti ríkisskattstjóra vill koma á framfæri nokkrum athugasemdum við frumvarpið sem varða sérstaklega framkvæmdina.

1. Í frumvarpinu er ekki að finna ákvæði sem kveður á um það með ótvíræðum hætti hver skuli annast álagningu áfengisgjalds af framleiðslu innanlands. Þess er einungis getið í athugasemdum um 4. gr. frumvarpsins. Í 4. gr. frv. er aðeins mælt fyrir um að gjaldskyldir aðilar tilkynni starfsemi sína til ríkisskattstjóra og að hann eigi að halda skrá yfir alla gjaldskylda aðila. Til úrbóta mætti setja eftirfarandi orðalag í 5. gr. laganna eða 2. mgr. 6. gr.: "Ríkisskattstjóri annast álagningu áfengisgjalds af áfengi sem framleitt er innanlands."

2. Í 5. gr. laganna (4. gr. frv) kemur fram að gjaldskyldir aðilar eigi að tilkynna starfsemi sína til ríkisskattstjóra og að hann eigi að halda skrá yfir þá. Einnig kemur fram í 5. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 477/1995, um áfengisgjald, að skattstjórar (ríkisskattstjóri) skuli láta lögreglustjórum í té skrá þessa.

Með tilliti til frumvarps til nýrra áfengislaga, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, þar sem lagt er til ríkislögreglustjóri (RLS) veiti leyfi til framleiðslu, innflutnings og heildsölu með áfengi í atvinnuskyni, sbr. 6., 8. og 9. gr. frv., vill ríkisskattstjóri leggja til að RLS haldi umrædda skrá yfir gjaldskylda aðila. Ákvæði um tilkynningu um starfsemi til ríkisskattstjóra verði þá fellt brott enda fari saman gjaldskylda og fengið leyfi til framleiðslu, innflutnings og heildsölu. Með því móti væri framkvæmd við útgáfu og skráningu leyfa gerð einfaldari og markvissari, bæði fyrir gjaldendur og framkvæmdaraðila, þar sem gera má ráð fyrir að þeir sem sækja á annað borð um leyfi ætli sér að stunda atvinnustarfsemi (framleiðslu, innflutning eða heildsölu) með áfengi. Í stað þess að leyfin séu gefin út á einum stað og skráning vegna gjaldskyldu á öðrum stað verði leyfisveiting og skráning hjá RLS jafngild skráningu til gjaldskyldu og þannig yrði komið í veg fyrir tvíverknað. Þannig yrðu upplýsingar um leyfishafa eins ferskar og nokkur kostur er á. RLS hefur heimild til að afturkalla leyfi leyfishafanna, sbr. VII kafli frumvarps til áfengislaga, og gæti því fært í skrána jafnóðum og afturköllun/sviptingu en þannig mætti einnig koma í veg fyrir að leyfishafi sem hefur misst leyfi standi áfram í innflutningi af því að ekki er búið að taka hann út af skrá. Hvað þetta efni varðar að öðru leyti skal jafnframt bent á til stuðnings að í 5. gr. frumvarps til áfengislaga er að finna samhljóða ákvæði og í 5. gr. laga nr. 96/1995 um heimild ráðherra til að kveða á um skyldu til að halda framleiðslu-, birgða- og sölubókhald.

Bent skal á að umrædda skrá er að finna í miðlægu kerfi Tekjubókhalds ríkisins (TBR), sem allir þeir sem koma að þessum málum hafa aðgang að. Til að mynda byggja tollstjórar álagningu áfengis, sem flutt er inn af heildsölu- og innflutnings-leyfishöfum, á skránni sem skattstjórar halda í dag. Kerfið er fyrir hendi og þarf því engu að breyta í því sambandi.

3. Í athugasemdum um 5. gr. frumvarpsins segir orðrétt: "Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að kveðið verði ótvírætt á um það í lögunum að gjaldið skuli lækkað eða fellt niður ef tiltekin skilyrði eða aðstæður eru fyrir hendi í stað þess að kveða á um heimild ráðherra til að lækka eða fella niður gjaldið. Hins vegar er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, m.a. um skilyrði niðurfellingar eða endurgreiðslu". Miðað við orðalag ákvæði a-liðar 5. gr. frv. skal áfengisgjald **fell**t niður eða **endurgreitt** í einhverjum tilvikum. Með hliðsjón af þeim texta sem fram kemur í athugasemdum um 5. gr. "... gjaldið skuli lækkað eða fellt niður....." hlýtur að vera gerð sú krafa til orðalags ákvæðisins að það sé skýrt um þetta efni, þó sérstaklega ef lækunarheimildir eigi áfram að vera fyrir hendi. Mætti orðalag ákvæðisins vera í samræmi við athugasemdirnar, s.s. "Áfengisgjald skal fellt niður, **lækkað** eða endurgreitt í"

Í þessu sambandi skal jafnframt bent á að skv. frumvarpinu hefur fjármálaráðherra áfram heimild til að lækka áfengisgjald á áfengi sem flutt er inn eða selt til tollfrjálsra verslana og tollfrjálsra forðageymslna, sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna. og spurning hvort ekki eiga sömu sjónarmið við í því tilviki og fram kemur um

breytingu á 1. málslíð 1. mgr. 7. gr. um að kveðið verði ótvírætt á um það í lögnum að gjaldið skuli lækkað eða fellt niður í stað þess að kveða á um heimild ráðherra. Einnig vakna þær spurningar hvort ekki sé að sama skapi ástæða til að lögfesta þær framkvæmdareglur sem settar hafa verið um lökkun áfengisgjalds er byggja á 2. mgr. 7. gr., sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 477/1995 og stjórnvaldsfyrirmæli fjármálaráðuneytisins.

Virðingarfyllst,


Garðar Valdimarsson, ríkisskattstjóri


Jón H. Steingrímsson

Afrit: Fjármálaráðuneyti, b.t. Magnúsar Péturssonar, ráðuneytisstjóra